

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 21.05.2004

150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um veðurþjónustu

Með bréfi nefndarinnar frá 27. apríl 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um veðurþjónustu, 784. mál. Svör fyrirtækisins fara hér á eftir:

Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins gætir þess misskilnings að Landsvirkjun sé opinber stofnun. Hið rétta er að Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins og tveggja sveitarfélaga.

Í samræmi við ofangreint leggur Landsvirkjun til að orðalagi síðustu mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að í stað orðanna “opinberra stofnana” komi orðin “stofnana og fyrirtækja”.

Jafnframt telur Landsvirkjun að í 3. grein frumvarpsins vanti skilgreiningu á hugtakinu “veðurstöðvakerfi”.

Að öðru leyti gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri